



Skotíþróttasamband Íslands

47. SKOTÞING 2025

YFIRLIT ÞINGGAGNA

- Skýrsla formanns/stjórnar
- Ársreikningur 2025
- 1 Tillaga um keppnis-og félagask.gjald
- 2 Framboð til stjórnar
- 3 Fjárhagsáætlun stjórnar fyrir 2025
- 4 Tillaga stjórnar um nefndarmenn
- 5 Ályktun um vopnalög
- 6 Ályktun um þjálfun
- 7 Ályktun um almanniheillaskrá
- 8 Ályktun um starfsskýrsluskil
- 9 Ályktun um þjálfaranám
- 10 Ályktun um flokkaskor kvenna





Skotþing 2025 Skýrsla stjórnar

Störf stjórnar á liðnu ári hafa verið fjölbreytt og hafa tekið mið af breyttu umhverfi skotíþróttaráhrifa og hjá okkar erlendu aðildarsamtökum.

ÍSí hefur á undanförunu ári lagst í viðamikil áttak í afreksmálum sem hefur skilað okkur auknu fjármagn í afreksstarfi og sterkari undirstöðum fyrir okkar helsta afreksfólk, samningur sem að náðist við síðustu ríkisstjórn um aukið fjármagn til afreksstarfs og annara þátta innan ÍSí er grundvöllur þessara jákvæðu breytinga og væntum við þess að núverandi ríkisstjórn styðji áfram við þá vegferð, að stuðningur ríkis við íþróttir á Íslandi aukist og færist nær því sem tíðkast hjá flestum þjóðum. Þetta fjármagn var veitt í síðustu fjárlögum með áætlanir um aukið framlag á næstu árum.

Það er öllum íþróttum á Íslandi gífurlega mikilvægt að þessi auknu framlög ríkis verði staðfest til framtíðar og hvet ég sambandsaðila til að koma þeim skilaboðum á framfæri í héraði til þingmanna og þeirra aðila sem koma að máli.

Með þessari vegferð er mikilvægt að við skilgreinum betur okkar áherslur og leggjum okkar eigin línur í afreksmótun, afreksstarfi, fræðslu og útbreiðslu í samræmi við ÍSí. Þrátt fyrir aukið fjármagn til afreksmála eru margir aðrir þættir sem að þarf að bæta. Leggja þarf aukna áherslu á stuðning sambandsins við grasróttarstarf aðildarfélaganna með áherslu á unglinga og útbreiðslu. Til að ræða og kynna þessi og önnur málefni er mikilvægt að endurvekja formannafundi STÍ sem vettvang milli þinga til að ræða opinskátt og efla samstarf. Stefnt er að formannafundi í haust og verður hann kynntur betur þegar að nær dregur.

Hagsmunir skotíþróttaráhrifa sem snúa að ríkisvaldinu í formi laga og reglugerða eru ávallt í brennidepli. Með breyttum skotvopnalögum var okkur lofað á síðasta fundi með fulltrúum dómsmálaráðuneytis að taka þátt í vinnu við útfærslur á lögum, með aðild að smíði reglugerða tengdum skotíþróttum. Við höfum ekki enn fengið neinar upplýsingar um stöðu mála og ekki verið boðuð á fund hjá ráðuneyti. Þessi staða er mjög bagaleg þar sem löggin eru óljós gagnvart mörgum þáttum og gefa möguleika á misvísandi túlkunum. STÍ mun í framhaldi þings óska eftir upplýsingum frá ráðuneyti og ítreka óskir um aðkomu að reglugerðarsmíði.

Hagsmunir okkar gagnvart lögum og reglum eru ekki eingöngu í höndum ríkisvalds heldur einnig hjá sveitarfélögum. Engar samræmdar reglur eru um hljóð og blýmengun og er mjög mismunandi hvernig staðið er að málum milli sveitarfélaga. Með ávallt þrengri reglum um mengun, oft með litlum sem engum rökum, er lítið um lausnir og munum við þurfa að berjast fyrir stöðugum rekstri okkar íþróttavalla á komandi árum sem fyrr og tryggja okkur gagnvart fyrirvaralausum lokunum.

Ný stjórn ISSF okkar stærsta aðildarsambands og nýjar áherslur þar í fræðslu og mótahaldi eru farnar að skýrast. Margt er enn óljóst svo sem nýjar keppnisreglur og breytingar á skotgreinum. Þessi atriði og önnur munu koma betur í ljós á næstu mánum og verða þá kynnt.

Íþróttastarf STÍ og aðildarfélaganna var á síðasta ári með hefðbundnu sníði gagnvart fjölda móta og umgjörð. Hefur stjórn að unnið að endurskoðun á reglum um mótahald sem



snýr að því að jafna hlutfall móta milli skotgreina með tilliti til þáttöku og umfangs. Þessi vinna er komin áleiðis og eru fyrstu breytingar sýnilegar í mótaskrá ársins 2025. Mikilvægt er að áherslur endurspegli þann áhuga sem er á skotgreinum sem falla undir okkar umsjá með iðkendafjölda og getustig að leiðarljósi. Einnig þarf að taka tillit til stöðu greinanna á alþjóðavísu og framtíðar möguleika. Vinna er hafin við að skilgreina þessa þætti betur og munum við taka þessi málefni fyrir á formannafundi.

Árið 2024 skilaði okkur fjölda nýrra Íslandsmeta og framförum í hinum ýmsu greinum. Íþróttalegur árangur var með ágætum og auknar áherslur margra okkar aðildarfélaga á unglíngastarf er byrjað að skila sér með aukinni þáttöku ungmenna og bættum árangri á mótum. Þessi vinna er gífurlega mikilvæg og munum við leggja áherslu á að hvetja og styðja verkefni sem snúa að ungmenna og grasrótarstarfi.

Námskeiðahald héraendis á vegum STÍ er að fara aftur í gang í kjölfar covid faraldurs og með auknum möguleikum vegna aukinna fjárveitinga. Vonumst við til að geta haldið úti verkefnum sem koma að kynningum og fræðslu til uppbyggingar á grunnatriðum íþróttastarfs innan félaganna og höfum við stigið fyrstu skref í þessari viðleitni með námskeiði í afreksmótun í Skeet fyrir okkar besta yngra íþróttafólk en þetta námskeið stendur yfir þessa dagana. Framundan eru námskeið í riffilgreinum sem hafa ekki verið dagsett og væntanlega munum við einnig halda námskeið í skammbyssugreinum á þessu ári.

Til liðs við okkur í þessu verkefni höfum við fengið þjálfarana Peeter Pakk í haglagreinum, Anne Grethe Jeppesen í riffilgreinum og Mathias Hahn í skammbyssugreinum.

Af þeim góða árangri síðasta árs sem áður er nefndur standa upp úr silfurverðlaun Jóns Þórs Sigurðssonar í 50m „prone“ á Evrópumeistaramótinu í Osiek í Króatíu og keppni Hákon Þórs Svavarssonar á Ólympíuleikunum í Frakklandi.

Jón Þór hefur verið okkar fremsta riffilskytta um árabil með áherslu á 50m og 300m skotfimi „prone“ sem aðalgreinar og á hann Íslandsmetin í báðum greinum. Hann hefur sigrað og unnið til verðlauna á fjölda alþjóðlegra móta og eru silfurverðlaun hans á Evrópumeistaramótinu fyrstu verðlaun Íslendinga á stórmóti í skotíþróttum.

Hákon hefur einnig verið okkar besti skotíþróttamaður í haglagreinum undanfarin ár og á að baki Norðurlandameistaratitil í Skeet en hann á Íslandsmetið í greininni 122/125 og er ríkjandi Íslandsmeistari.

Þátttaka Hákons á ÓL 2024 var mikið afrek sem hann skilaði með miklum sóma og góðum árangri.

Báðir þessir íþróttamenn hafa skilað okkar íþróttum mjög jákvæðri umfjöllun með sínum árangri og framgöngu sem er mikilvægur þáttur í kynningu og útbreiðslu á skotíþróttum og gefur okkur aukin tækifæri til framfara og uppbyggingar.

Að lokum vil ég þakka aðildarfélögum og þingfulltrúum samstarfið á liðnu ári.

Halldór Axelsson formaður STÍ



Skotíþróttasamband Íslands

Ársreikningur 2024



Skotíþróttasamband Íslands

Kt.470483-1139 / www.sti.is

Efnisyfirlit

Áritun skoðunarmanna.....	Bls.	1
Rekstrarreikningur.....	Bls.	2
Efnahagsreikningur.....	Bls.	3
Skýringar.....	Bls.	4

Áritun skoðunarmanna

Við undirritaðir skoðunarmenn Skotíþróttasambands Íslands höfum yfirfarið bókhald þess fyrir árið 2024 og ekkert fundið athugavert.

Leggjum við til að reikningar þess verði samþykktir.

sign...

Jónas Hafsteinsson

sign...

Sigfús Tryggvi Blumenstein

Við undirritaðir formaður og gjaldkeri STÍ staðfestum hér með ársreikning þennan

sign...

Halldór Axelsson, formaður

sign...

Guðmundur Kr. Gíslason, gjaldkeri

Rekstrarreikningur ársins 2024

	Skýr	2024	2023
Rekstrartekjur			
Lottótekjur		9.792.216	7.992.987
Útbreiðslustyrkur ÍSÍ + leiðrétting		4.864.323	5.287.821
Ríkisstyrkur		2.708.690	3.105.000
Styrkir ÍSÍ - Afrekssjóður		10.407.750	8.750.000
Námskeiðsgjöld		485.000	0
Aðrir styrkir og hlutur keppenda		1.607.704	2.100.000
Keppnisgjöld STÍ		1.159.000	1.022.000
Félagaskiptagjald		18.000	24.000
Sala bóka og merkja		169.000	3.000
		31.211.683	28.284.808
Rekstrargjöld			
Árgjöld erlendis ISSF,ESC,FITASC,WBSF,WRABF,EBSF	2	383.515	349.588
Ferðakostnaður erlendis	1	5.860.908	10.415.495
Stórmótapátttaka HM-EM-ÓL		2.579.565	0
Æfingabúðir, þjálfunv.ÓL í París	1	7.163.816	1.300.120
Námskeið, þjálfara ISSF		503.875	0
Mótakostnaður, verðlaunagripir		155.560	0
Sjúkrakostnaður, Covidprófanir		0	21.000
Funda og þingkostnaður		258.859	138.420
Húsaleiga og ræsting		452.036	411.096
ISSF merki, bækur, fánar,búningar ofl		169.000	67.144
Launagreiðslur, verktakagreiðslur, dagpeningar	3	12.878.180	11.509.108
Launatengd gjöld	3	2.755.535	2.285.080
Skrifstofuvörur, pappír, ritföng		87.021	19.480
Tölvukostnaður, sími, Internet		177.703	248.175
Bankapóknanir		43.220	0
		33.468.793	26.764.706
Rekstrarhagnaður fyrir fjármunatekjur		(2.257.110)	1.520.102
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)			
Vaxtatekjur		1.979.751	2.060.538
Fjármagnstekjuskattur		(451.911)	(371.574)
		1.527.840	1.688.964
Hagnaður ársins		-729.270	3.209.066

Efnahagsreikningur 31. desember 2024

Eignir	2024	2023
Inneign hjá ÍSÍ, aðildarfélögum	3.316.126	5.265.492
Bankainnistæða 3454	6.711.078	5.270.026
Bankainnistæða 2483	22.624.959	23.261.834
Veltufjármunir	<u>32.652.163</u>	<u>33.797.352</u>
Eignir samtals	<u>32.652.163</u>	<u>33.797.352</u>
Eigið fé		
Óráðstafað eigið fé	32.560.842	29.351.776
Tekjuafgangur ársins	(729.270)	3.209.066
Eigið fé	<u>31.831.572</u>	<u>32.560.842</u>
Skuldir		
Ógreitt v. opinber gjöld, laun, þjálfarar, verktakar	775.472	1.126.656
Ógreitt visa	45.119	109.854
Skuldir	<u>820.591</u>	<u>1.236.510</u>
Eigið fé og skuldir samtals	<u>32.652.163</u>	<u>33.797.352</u>

Skýringar ársins 2024

	2024	2023
1. Ferðakostnaður		
Vegna þáttöku á EM/HM	2.579.565	3.885.044
Æfingabúðir, þjálfun v. ÓL undirbúnings	7.163.816	1.300.120
Önnur þáttaka á erlendum vettvangi (WC,NM,BR)	5.860.908	6.530.451
	15.604.289	11.715.615
 2. Árgjöld erlendis		
ISSF	72.875	87.393
EBSF	18.970	0
WBSF	14.422	0
WRABF	7.278	0
ESC	79.450	80.525
FITASC	190.520	181.670
	383.515	349.588
 3. Launagreiðslur		
Laun vegna afreksmála (afr.stj., íþr.stjóri, landsl.þjálf.)	6.873.217	6.147.958
Dagpeningar v.afreksstarfs	150.000	124.000
Launatengd gjöld v.afreksmála	1.487.989	1.233.943
Laun vegna skrifstofu	5.854.963	5.237.150
Launatengd gjöld önnur	1.267.546	1.051.137
	15.633.715	13.794.188



SKOTÞING 2025

ÞINGSKJAL NR. 1

Tillaga til fjárhagsnefndar um keppnis og félagaskiptagjald STÍ 2025

Tillaga liggur fyrir frá stjórn STÍ um óbreytt gjöld frá fyrra ári og eru aðildarfélögin einnig hvött til að fella niður keppnisgjöld unglunga.

Tillaga frá stjórn:

Keppnisgjald kr. 2,000 fyrir hvern keppanda á STÍ móti

Félagaskiptagjald kr. 6,000

Stjórn STÍ 26.apríl 2025



SKOTÞING 2025

ÞINGSKJAL NR. 2

Framboð til stjórnar STÍ - Starfsárið 2025-2026

Í framboði um tvö sæti í aðalstjórn til 2ja ára:

Ómar Örn Jónsson, SA

Magnús Ragnarsson, SKS

Í framboði um eitt sæti í varastjórn til 2ja ára:

Valur Richter, SÍ

Í framboði til formanns í 2 ár:

Halldór Axelsson, SR

Áfram sitja í aðalstjórn í 1 ár:

Guðmundur Kristinn Gíslason, SR

Jórunn Harðardóttir, SR

Áfram situr í varastjórn í 1 ár:

Aðalheiður Lára Guðmundsdóttir, SSS

Ofangreindir teljast sjálfkjörnir þar sem engin önnur framboð bárust.

Tilkynning um framboð ofangreindra barst stjórn STÍ innan tilskilins frests með stuðningi þeirra aðildarfélags, skv.11.gr.laga STÍ



SKOTÞING 2025

ÞINGSKJAL NR. 3

Fjárhagsáætlun stjórnar 2025

GJÖLD:

	<u>Krónur</u>
Þjálfun, kennsla, námskeið ofl	9.500.000
Skrifstofukostnaður	5.300.000
Afrekssvið, ráðgjöf ofl.	5.900.000
Æfingabúðir landsliða	1.000.000
Þátttaka í erlendum mótum	12.500.000
Annað ófyrirséð	5.300.000
Alls	39.500.000

TEKJUR:

Lottó	10.500.000
Útbreiðslustyrkur	5.200.000
Ríkisstyrkur skrifstofu	2.708.960
Afrekssjóður ÍSÍ - Úthlutun des 2024	11.751.032
Afrekssjóður ÍSÍ - Landsliðsstyrkur - úthlutun feb 2025	1.200.000
Afrekssjóður ÍSÍ - Stórmótastyrkur- úthlutun feb 2025	5.741.877
Aðrar tekjur	4.000.000
Alls:	41.101.869

TEKJUAFGANGUR

1.601.869

Vísað til Fjárhagsnefndar



Tillaga fráfarandi stjórnar um nefndarmenn

Skoðunarmenn reikninga:

Sigfús Tryggvi Blumenstein, SR

Jónas Hafsteinsson, SFK

Varamenn:

Arnbergur Þorvaldsson, SR

Jónas Andrésson, SK

Mótanefnd:

Ómar Ö. Jónsson, SA

Jórunn Harðardóttir, SR

Jakob Þ. Leifsson, SFS

Varamenn:

Dagný H. Hinriksdóttir, SR

Sigurður I. Jónsson, SFK

Valur Richter, SÍ

Dómaranefnd:

Guðmundur Helgi Christensen, SR

Magnús Ragnarsson, SKS

Halldór Axelsson, SR

Varamenn:

Þórir Ingvarsson, SFK

Jón Þór Sigurðsson, SFK

Grétar M. Axelsson

Aganefnd:

Jón S. Ólason, SKA

Bjarni Sigurðsson, SK

Sigurgeir Arnþórsson, SR

Varamenn:

Arnbergur Þorvaldsson, SR

Helga Jóhannsdóttir, SÍH

Halldór Axelsson, SR

Ritnefnd:

Guðmundur Kr. Gíslason, SR

Ómar Ö. Jónsson, SA

Vignir J. Vignisson, SR

Varamenn:

Guðrún Hjaltalín, SKA

Kjartan Friðriksson, SR

Guðmann Jónasson, MAV



Ályktun um vopnalög

47. þing Skotíþróttasambands Íslands, haldið í Íþróttamiðstöðinni í Laugardal þann 26. apríl 2025, lýsir yfir verulegum vonbrigðum með tafir á útgáfu nýrrar reglugerðar í kjölfar þeirra lagabreytinga á vopnalögum sem tóku gildi 24. febrúar 2024.

Þrátt fyrir að rúmt ár sé liðið frá gildistöku laganna hefur enn ekki verið gefin út nauðsynleg reglugerð. Þetta hefur hindrað möguleika íþróttamanna til að öðlast réttindi til að eignast loftskammbyssur og aðrar íþróttabyssur í samræmi við lög, sem aftur hefur haft neikvæð áhrif á þróun og fjölgun skotstjóra innan íþróttahreyfingarinnar.

Þá vill þingið sérstaklega leggja áherslu á mikilvægi þess að lækka aldur til að hefja iðkun skotíþróttar, í samræmi við það sem tíðkast í flestum öðrum löndum. Núverandi aldurstakmark hamlar uppbyggingu barna- og ungmennastarfs innan skotíþróttar og dregur úr möguleikum til eðlilegs vaxtar greinarinnar.

Þingið hvetur dómsmálaráðuneytið eindregið til að hraða vinnu við reglugerðarsetningu og tryggja að hún fari fram í nánú samráði við hagsmunaaðila. Skotíþróttasamband Íslands lýsir yfir vilja sínum til að vera virkur þátttakandi í þeirri vinnu. Það er afar mikilvægt að regluverk styðji við uppbyggingu, gæði þjálfunar og faglegt íþróttastarf – en sé ekki hamlandi þáttur í þróun skotíþróttar á Íslandi.



Ályktun um þjálfun

47. þing Skotíþróttasambands Íslands, haldið í Íþróttamiðstöðinni í Laugardal þann 26. apríl 2025, hvetur aðildarfélög eindregið til að hvetja sitt fólk til að sækja þjálfaranám á vegum ÍSÍ og í gegnum Íþróttakademíu ISSF og ESC

Þessi menntun er mikilvægur grunnur til að byggja upp faglega og öflugna þjálfun innan skotíþróttafélaga, sérstaklega í starfi með börnum og unglíngum. Námið er oft styrkhæft hjá héraðssamböndum og íþróttabandalögum, og veitir þátttakendum aukna hæfni og dýpri skilning á kennslu, öryggismálum og þróun íþróttarinnar. Menntun þjálfara er lykillinn að framtíð skotíþróttar á Íslandi.



SKOTÞING 2025

ÞINGSKJAL NR. 7

Ályktun um almannaheillaskrá

47. þing Skotíþróttasambands Íslands, haldið í Íþróttamiðstöðinni í Laugardal þann 26. apríl 2025, hvetur aðildarfélög til að skrá sig á almannaheillaskrá Skattsins.

Með skráningunni geta styrktaraðilar fengið skattafrádrátt og félög jafnframt nýtt rétt til endurgreiðslu fjármagnstekjuskatts. Umsókn fer fram á vef Skattsins og er einföld í framkvæmd.



SKOTÞING 2025

ÞINGSKJAL NR. 8

Ályktun um starfsskýrsluskil

47. þing Skotíþróttasambands Íslands, haldið í Íþróttamiðstöðinni í Laugardal þann 26. apríl 2025, hvetur aðildarfélög til að vanda skilum á ársskýrslu til ÍSÍ sem skila þarf á hverju ári.

Áréttar þingið mikilvægi þess að skilað sé á réttum tíma og skilin séu rétt skráð.



Ályktun um viðurkenningu til þjálfaranáms

47. Þing Skotíþróttasambands Íslands ályktar að námskeið ISSF Academy sem nýverið fóru af stað fullnægi öllum kröfum um það sem Íþróttta og Ólympíusambands Íslands setur á sérgreinahluta þjálfaranáms.

Greinagerð:

Íþróttta og Ólympíusamband Íslands setur þá kröfu á sérgreinahluta þjálfaranáms að sérgreinahluti þjálfaranáms taki mið af kennslustundum og lokaprófi, og þá að kennslustundir í fyrsta stigi nái 60 kennslustundum með verkefnavinnu og í öðru stigi að sérgreinahlutinn nái 80 kennslustundum.

D réttinda námskeiðið er 12 vikur og gert er ráð fyrir 5 tímum á viku (60 tímar)

C réttinda námskeiðið er 12 vikur og ekki er tekið fram hvað er gert ráð fyrir mörgum tímum á viku, en það eru 1-2 fyrirlestrar á viku og á meðan það er einn á viku í D hlutanum má vel áætla 80 eða fleiri tíma í C réttinda námskeiðið.

Einnig er gert ráð fyrir því að eftirfarandi atriði séu **hluti af sérgreinahluta**:

Tækni, Leikfræði/Taktík, Skipulag æfingatíma og reglur og mótafyrirkomulag. Öll þessi atriði eru í raun undir hverju sérsambandi komin.

Mikil þörf er á að samþykkja þetta nám frá ISSF Academy sem sérgreinahluta þjálfaranáms í skotíþróttum, og veita þá viðurkenningu þjálfara í þeirri grein sem ISSF Academy námskeiðið er sótt, og vill 47. Skotþing fela manni eða nefnd það verkefni að klára þau samskipti sem þarf við Íþróttta og Ólympíusamband Íslands til að það sé fullgilt.



Ályktun um breytingar á flokka skori kvenna

47. Þing Skotíþróttasambands Íslands ályktar að skor sem þarf fyrir flokka kvenna verði samræmt því skori sem þarf fyrir flokka karla.

Greinagerð:

Þar sem við höldum mót þar sem ekki er gert á milli kynja í úrslitum ályktar 47. Þing Skotíþróttasambands Íslands að skorin í flokkum kvenna og karla ætti að vera eins, allavega þeir flokkar sem ekki notast beint við útgefið Minimum Qualifying Score ISSF.

Þá verða 3. flokkur, 2. flokkur og 1. flokkur samræmdur á milli kynja og svokallaður Meistaraflokkur væri enn tengdur við Minimum Qualifying Score útgefið af ISSF.